

AUGLÝSING

um flugferðir innanlands.

29

21. febr.

Með því að Loftleiðir h.f. hefur tilkynnt samgöngumálaráðuneytinu í bréfi, dags. 31. janúar s. l., að félagið muni ekki starfrækja að sinni áætlunarflug á neinum innlendum flugleiðum og telji sig ekki sérleyfishafa á þeim leiðum, sem taldar eru upp í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 29. f. m., hefur ráðuneytið í dag gefið Flugfélagi Íslands h.f. heimild fyrst um sinn til að halda uppi áætlunarflugferðum til eftirtaldra staða:

1. Reykjavík—Sandur.
2. Reykjavík—Hólmavík.
3. Reykjavík—Ísafjörður.
4. Reykjavík—Vestfirðir (Vestfjarðaskaginn).
5. Vestfirðir — millifjarðaflug.
6. Reykjavík—Siglufjörður.
7. Reykjavík — Vestmannaeyjar (Hella).
8. Reykjavík—Blönduós—Sauðárkrókur.

Leiðirnar undir nr. 4 og 5 verða ekki starfræktar samkvæmt fastri áætlun, heldur eftir því, sem ástæður leyfa.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

30

25. febr.

Stafliðirnir A, B og C í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 105 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði hvern m² gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 70 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

30

25. febr.

C. Vélar.

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 110 aura hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

Fyrstu	50	þús. kwst.	ársnotkun	48	aura	hver kwst.	
Næstu	100	—	—	—	44	—	—
—	100	—	—	—	38	—	—
Umfram	250	—	—	—	33	—	—

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á sömu gjaldskrá, nr. 104 6. júní 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

31

25. febr.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsfjarðarhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hrafnavogum að vestan í svonefnda Ófærugjá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd bæjarins, þó getur hafnarnefnd falið öðrum aðila að sjá um reikningshaldið. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.